

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi Helluhrauns, athafnasvæði, 1. áfangi, Móhella 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 11. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi Helluhrauns, athafnasvæði, 1. áfangi, Móhella 1. Breytingin felst í að lóðinni Móhelli 1 er skipt í 2 lóðir, Móhelli 1 og Íshellu 8. Skilmálar Móhelli 1 breytast og verður hámarkshæð byggingar 15 m (4 hæðir) frá aðalgólfi, að hluta. Nýtingarhlutfall verður 0,7. Íshellu 8, nýtingarhlutfall verður 0,6. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Valla, miðsvæði, reitur 9.1, Tjarnarvellir 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 31. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi Valla, miðsvæði, reitur 9.1. Í breytingunni felst m.a. að lóð A9 sameinast lóð A8 og bílastæði verða á norðurhluta lóðar og munu þau tilheyra bæjarlandi. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 29. ágúst 2005.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.